

Ályktun um jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 beinir því til stjórnvalda að jafna flutningskostnað úrgangs, sem fellur til í sveitarfélögum langt frá urðunar-, móttöku- og förgunarstöðum, við þau sem eru í nálægð við slíka staði.

Allsherjarnefnd

Greinargerð

Með breytingum á lögum vegna meðhöndlunar úrgangs er sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við þjónustu um meðhöndlun úrgangs. Við gildistöku þessa ákvæðis kom skýrt fram að sveitarfélög sem eru bæði dreifbýl og langt frá móttökustöð standa höllum fæti þegar kemur að kostnaði af meðhöndlun úrgangs og aðstöðumunur sveitarfélaga sláandi. Gjöld á íbúa í Vesturbyggð árið 2023 vegna meðhöndlunar úrgangs er með því hæsta sem gerist á landinu og langtum hærrí en það sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu, en dugir þó ekki til fyrir rekstri þjónustunnar.